

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1645****2020/EES/50/62****frá 13. júlí 2018**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (1), einkum 9. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stjórnandi viðmiðunar sem er staðsettur í þriðja landi getur sótt um viðurkenningu í Sambandinu. Í umsókninni um viðurkenningu skal stjórnandinn leggja fram ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi, stefnum og verklagsreglum sem hann hefur komið á til að uppfylla gildandi kröfur sem eru settar fram í reglugerð (ESB) 2016/1011. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að lögbær yfirvöld í öllu Sambandinu fái samræmdar og samkvæmar upplýsingar frá stjórnendum viðmiðana í löndum utan ESB sem sækja um viðurkenningu.
- 2) Umsókn um viðurkenningu ætti að hafa að geyma upplýsingar sem tengjast vali tilvísunaraðildarríkis, skv. 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem tengjast lagalegum fyrirsvarsmanni í tilvísunaraðildarríkinu. Þessar upplýsingar ættu að gera lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins kleift að fullvissa sig um að tilvísunaraðildarríkið hafi verið rétt tilgreint og að lagalegur fyrirsvarsaður stjórnandans í landi utan ESB hafi staðfestu í því aðildarríki og hafi valdheimildir til að aðhafast eins og krafa er gerð um í reglugerð (ESB) 2016/1011.
- 3) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um starfsemi eigenda sinna og eignarhald móðurfélaga sinna til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort hagsmunaárekstrar vegna viðskiptahagsmuna eigenda umsækjandans kynnu að hafa áhrif á óhæði umsækjandans og þar með skaða nákvæmni og heilleika viðmiðana hans.
- 4) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um samsetningu, starfsemi og sjálfstæði stjórna sinna til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort fyrirkomulag stjórnarháttanna tryggi óhæði stjórnandans við útreikning á viðmiðuninni og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- 5) Umsækjandinn ætti, í því skyni að meta hvernig hagsmunaárekstrum er eytt, eða stjórnað og þeir gerðir opinberir, að láta lögbæra yfirvaldinu í té skýringu á því hvernig hagsmunaárekstrar sem hugsanlega koma upp eru tilgreindir, skráðir, stjórnað, mildaðir, afstýrt og leiðréttir.
- 6) Veitandinn sem sækir um ætti, í því skyni að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hversu stöðugt og áreiðanlegt innra stjórnunarkerfi, eftirlit og ábyrgð er, að láta lögbæra yfirvaldinu í té stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana.
- 7) Umsóknin um viðurkenningu ætti að hafa að geyma upplýsingar sem sýna fram á að eftirlitið með inntaksgögnunum, sem liggja til grundvallar útreikningi á viðmiðununum sem umsækjandinn gerir, sé nægilegt til að tryggja að slík gögn séu dæmigerð, nákvæm og heildstæð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

- 8) Í þeim tilgangi að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort viðmiðanirnar sem umsækjandinn gerir séu hentugar fyrir áframhaldandi eða fyrirhugaða notkun þeirra í Sambandinu, þar sem endanlegt markmið er að fella þær inn í skrána í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ætti umsóknin um viðurkenningu að innihalda skrá yfir allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og eru nú þegar notaðar í Sambandinu eða ætlaðar til notkunar í Sambandinu í framtíðinni og lýsingu á þeim.
- 9) Upplýsingar um eðli og einkenni viðmiðana sem umsækjandi gerir skipta máli til að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á hvort gera eigi mat á því að farið sé að gildandi kröfum í reglugerð (ESB) 2016/1011 með vísan til sérstaks, gildandi fyrirkomulags, til viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna og til hrávöruviðmiðana sem byggja ekki á framlagi frá aðilum sem leggja fram gögn og eru að meirihluta einingar undir eftirliti, eins og kemur fram í reglugerð (ESB) 2016/1011.
- 10) Ef umsækjandinn lítur á eina eða fleiri viðmiðana sinna sem mikilvæga eða ekki mikilvæga ætti hann að láta fylgja með umsókn sinni um viðurkenningu upplýsingar um hversu mikil notkun slíkra viðmiðana er í Sambandinu til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort flokkun þeirra sem mikilvægar eða ekki mikilvægar sé rétt. Viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og sem hafa enn ekki verið teknar í notkun í Sambandinu en fylgja með í umsókninni um viðurkenningu vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra í Sambandinu eru taldar vera ekki mikilvægar viðmiðanir, í samræmi við 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.
- 11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 13) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að undirbúa umsóknir og tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem um getur í viðaukanum. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar kröfur

1. Stjórnandi sem er staðsettur í þriðja landi skal leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í viðaukanum þegar hann sækir um viðurkenningu skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.
2. Ef umsækjandinn hefur ekki veitt einhverjar þær upplýsingar sem krafist er skal útskýra í umsókninni hvers vegna þær hafi ekki verið lagðar fram.

2. gr.

Snið umsóknarinnar

1. Umsóknin um viðurkenningu skal lögð fram á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum tilvísunaraðildarríkisins nema annað sé tekið fram í viðaukanum. Skjölín sem um getur í 8. lið viðaukans skulu afhent á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjámálageiranum eða á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum tilvísunaraðildarríkisins.
2. Leggja skal umsóknina um viðurkenningu fram með rafrænum hætti eða, ef viðkomandi lögbært yfirvald fellst á það, á pappír. Þessar rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna haldist meðan á sendingu þeirra stendur. Umsækjandinn skal tryggja að í hverju skjali sem er afhent sé tilgreint með skýrum hætti til hvaða sérstöku kröfu í þessari reglugerð það vísar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Sértækar upplýsingar um stefnur og verklagsreglur

1. Allar stefnur og verklagsreglur sem komið er á til að fara að kröfum reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem er lýst í umsókn skulu innihalda eða þeim skal fylgja:
 - a) tilgreining á auðkenni aðilans eða aðilanna sem bera ábyrgð á samþykki og viðhaldi á stefnum og verklagsreglum,
 - b) lýsing á hvernig eftirliti með því að farið sé að stefnum og verklagsreglum er háttað, og deili á þeim aðila eða aðilum sem bera ábyrgð á þessari vöktun,
 - c) lýsing á ráðstöfunum sem á að gera ef brotið er gegn stefnum og verklagsreglum.
2. Ef umsækjandi er fyrirtæki innan samsteypu getur það farið að 1. mgr. með því að leggja fram stefnur og verklagsreglur samsteypunnar ef þær tengjast gerð viðmiðana.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Upplýsingar sem á að leggja fram í umsókn um viðurkenningu skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011**A-ÞÁTTUR — UPPLÝSINGAR UM VEITANDANN OG LAGALEGAN FORSVARSMANN HANS Í SAMBANDINU**

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- a) Fullt nafn umsækjanda og auðkenni lögaðila (e. *Legal Entity Identifier (LEI)*).
- b) Heimilisfang skrifstofu í því landi þar sem umsækjandi er staðsettur.
- c) Réttarstaða.
- d) Vefsetur, ef það er fyrir hendi.
- e) Ef umsækjandi er undir eftirliti í því landi utan Evrópusambandsins þar sem hann er staðsettur, upplýsingar um núverandi leyfisstöðu hans, þ.m.t. starfsemina sem hann hefur leyfi fyrir, nafn og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins í landinu utan Evrópusambandsins og tengil í skrá slíks lögbærs yfirvalds, ef hann er tiltækur; ef fleiri en eitt yfirvald er ábyrgt fyrir eftirliti skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um verksvið þeirra.
- f) Lýsing á starfsemi umsækjandans í Evrópusambandinu og í löndum utan Evrópusambandsins, hvort sem hún fellur undir fjárhagsreglugerðir í Evrópusambandinu eða utan Evrópusambandsins sem skipta máli við gerð viðmiðana, ásamt lýsingu á því hvar þessi starfsemi fer fram.
- g) Ef umsækjandi er hluti af samstæðu, skipulag samstæðunnar, ásamt skýringarmynd yfir eignarhald, þar sem sýnd eru tengsl milli allra móðurfélaga og dótturfélaga. Auðkenna skal fyrirtækin og dótturfélög, sem sýnd eru í línuritinu, með fullu nafni þeirra, réttarstöðu og pósthfangi á skráðri skrifstofu og aðalskrifstofu.
- h) eigin yfirlýsing um óflekkað mannorð, þ.m.t. nánari upplýsingar, ef við á, um:
 - i. fyrri og yfirstandandi málsmeðferð við agabrotum gegn umsækjandanum (nema henni hafi verið vísað frá),
 - ii. synjun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu,
 - iii. afturköllun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu.

2. LAGALEGUR FYRIRSVARSMÆÐUR Í TILVÍSUNARAÐILDARRÍKINU

- a) Skrifleg sönnunargögn sem styðja val á tilvísunaraðildarríkinu með því að beita viðmiðununum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.
- b) Að því er varðar lagalegan fyrirvarsmann með staðfestu í tilvísunaraðildarríkinu eins og fram kemur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011:
 - i. fullt nafn,
 - ii. starfsheiti, ef um er að ræða einstakling eða réttarstaða ef um er að ræða lögaðila,
 - iii. stofnskrá, stofnsamþykktir eða önnur stofnskjöl, ef um er að ræða lögaðila, og nánari skýring á hvort hann er undir eftirliti eftirlitsyfirvalds,
 - iv. heimilisfang,
 - v. tölvupóstfang,
 - vi. símanúmer,
 - vii. skrifleg staðfesting á umboði lagalegs fyrirvarsmanns til að koma fram fyrir hönd umsækjandans í samræmi við 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,
 - viii. nánari upplýsingar um eftirlitsstarfsemi lagalegs fyrirvarsmanns sem varðar gerð viðmiðana sem má nota í Sambandinu,
 - ix. nafn, starfsheiti, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðar lagalega fyrirvarsmannsins.

3. STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNARHÆTTIR

- a) Innra stjórnskipulag að því er varðar stjórnina, nefndir framkvæmdastjórnarinnar, eftirlitsstarfsemi og alla aðra innri aðila sem hafa með hendi mikilvæg stjórnunarstörf sem tengjast gerð viðmiðunar, m.a.:
 - i. umboð eða samantekt á því, og
 - ii. fylgni við hvers konar reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða svipuð ákvæði.
- b) Verklagsreglur sem tryggja að starfsmenn stjórnandans og aðrir einstaklingar, sem þjónusta hann eða eru undir stjórn hans og taka beinan þátt í gerð viðmiðunar, búi yfir nauðsynlegri færni, þekkingu og reynslu til að gegna þeim skyldustörfum sem þeim eru falin og starfi í samræmi við ákvæðin í 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.
- c) Fjöldi starfsmanna (tímabundnir og fastráðnir) sem koma að gerð viðmiðunar.

4. HAGSMUNAÁREKSTRAR

- a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirfarandi:
 - i. hvernig núverandi og hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru auðkenndir, skráðir, stjórnað, mildaðir, hvernig þeim sé afstýrt eða ráðin á þeim bót,
 - ii. sérstakar kringumstæður sem gilda um umsækjandann eða allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og sem má nota í Sambandinu, og sem líklegast er að valdi hagsmunaárekstrum, þ.m.t. ef sérfræðimati eða ákvörðunarrétti er beitt við ákvörðunarferli viðmiðunarinnar ef umsækjandinn er innan sömu samstæðu og notandi viðmiðunar og ef veitandinn er aðili að markaðinum eða þeim efnahagslega veruleika sem viðmiðuninni er ætlað að mæla.
- b) Að því er varðar viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, skrá yfir alla greinda hagsmunaárekstra sem máli skipta, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum.
- c) Uppbygging launakjarastefnu þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða launakjör þeirra aðila sem koma beint eða óbeint að gerð viðmiðana.

5. INNRA STJÓRNUNARKERFI, EFTIRLIT OG ÁBYRGDARSKYLDA

- a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana, m.a. þær sem varða:
 - i. upplýsingatæknikerfi,
 - ii. áhættustjórnun, ásamt kortlagningu áhættu sem kann að koma fram og sem kann að hafa áhrif á nákvæmni, heilleika gerðra viðmiðana og á það hvort þær séu dæmigerðar eða á samfellu í gerð viðmiðunar, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum,
 - iii. samsetningu, hlutverk og starfsemi eftirlitsstarfseminnar, eins og lýst er í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og tilgreint frekar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem hafa verið samþykktir skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ⁽¹⁾ eða í sambærilegum meginreglum um fjármálaviðmiðanir sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 17. júlí 2013 („Meginreglur fyrir fjármálaviðmiðanir“), eða meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 5. október 2012 („Meginreglur um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð“), eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á eða brottrekstur einstaklinga innan eftirlitsstarfseminnar,
 - iv. samsetningu, hlutverk og starfsemi eftirlitsrammans, eins og lýst er í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða í samsvarandi meginreglum IOSCO um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á eða brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma,
 - v. ramma um ábyrgðarskyldu eins og lýst er í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglur um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á og brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1).

- b) Viðbragðsáætlanir um tímabundna ákvörðun og birtingu viðmiðunar.
- c) Verklagsreglur fyrir innri skýrslugjöf um brot á reglugerð (ESB) 2016/1011 af hálfu stjórnenda, starfsmanna og annarra einstaklinga sem þjónusta veitandann eða lúta stjórn hans.

6. ÚTVISTUN

Sé einhverri starfsemi sem er hluti af gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana útvistað:

- a) fyrirkomulag útvistunar, þ.m.t. þjónustusamningar sem sýna fram á að farið sé að ákvæðum 10. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglum um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á,
- b) ítarlegar upplýsingar um hina útvistuðu starfsemi nema þær upplýsingar sé þegar að finna í viðeigandi samningum,
- c) stefnur og verklagsreglur sem varða eftirlit með hinni útvistuðu starfsemi nema þær upplýsingar sé þegar að finna í viðeigandi samningum.

7. FARIÐ AÐ MEGINREGLUM ALÞJÓÐASAMTAKA EFTIRLITSAÐILA Á VERÐBRÉFAMARKAÐI

- a) Mat óháðs utanaðkomandi endurskoðanda, ef það er tiltækt, á því hvort farið er að meginreglum um fjármálaviðmiðanir sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 17. júlí 2013 eða meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykkti 5. október 2012, eftir því sem við á.
- b) Vottun, ef hún er tiltæk, frá lögbæru yfirvaldi lands utan Evrópusambandsins þar sem umsækjandinn er staðsettur, ef umsækjandinn er háður eftirliti, þar sem staðfest er að farið sé að þeim meginreglum sem um getur í a-lið.

8. AÐRAR UPPLÝSINGAR

- a) Umsækjandinn getur látið í té frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir umsókn hans og hann telur við hæfi.
- b) Umsækjandinn skal láta þessar upplýsingar í té á þann hátt og á því formi sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

B-ÞÁTTUR – UPPLÝSINGAR UM VIÐMIÐANIRNAR

9. LÝSING Á RAUNVERULEGUM EÐA FYRIRHUGUÐUM VIÐMIÐUNUM EÐA FJÖLSKYLDUM VIÐMIÐANA SEM MÁ NOTA Í SAMBANDINU

- a) Skrá yfir allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og eru tilbúnar til notkunar í Sambandinu og, ef það er tiltækt, alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa fyrir þær (ISIN-númer).
- b) Lýsing á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana sem hafa verið gerðar og eru þegar notaðar í Sambandinu, m.a. lýsing á undirliggjandi markaði eða efnahagslegum veruleika sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar fyrir þessar lýsingar, og lýsingu á þeim sem leggja til gögn í þessa viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, ef einhverjir eru.
- c) Skrá yfir allar viðmiðanirnar sem ætlað er að setja á markað til notkunar í Sambandinu og, ef það er tiltækt, ISIN-númer þeirra.
- d) Lýsing á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana sem ætlað er að setja á markað til notkunar í Sambandinu, m.a. lýsing á undirliggjandi markaði eða efnahagslegum veruleika sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar fyrir þessar lýsingar, og lýsingu á þeim sem leggja til gögn í þessa viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, ef einhverjir eru.
- e) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 24. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og á því rétt á undanþágum sem koma fram í 1. mgr. 17. gr. sömu reglugerðar.
- f) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem hrávöruviðmiðanir, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 23. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og að þau byggist ekki á framlagi aðila sem eru að mestu leyti einingar sem eru undir eftirliti, ásamt öllum sönnunargögnum um framkvæmd krafna um sérstakt fyrirkomulag eins og sett er fram í 19. gr. og II. viðauka reglugerðarinnar eða samsvarandi meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð.
- g) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem vaxtaviðmiðanir, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 22. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ásamt öllum sönnunargögnum um framkvæmd krafna um sérstakt fyrirkomulag eins og sett er fram í 18. gr. og I. viðauka reglugerðarinnar.

- h) Öll skrifleg sönnunargögn um að viðmiðun eða fjölskylda viðmiðana sem er lýst í b-lið sé notuð í þeim mæli á yfirráðasvæði Sambandsins að þessi viðmiðun eða allar viðmiðanir í þeirri fjölskyldu viðmiðana teljist vera annaðhvort mikilvægar viðmiðanir, eins og skilgreint er í 26. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, eða viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011. Upplýsingarnar sem á að leggja fram skulu ákvarðast, að því marki sem mögulegt er, á grundvelli ákvæða í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 ⁽¹⁾ um grundvallarfjárhæð fjármálagerninga annarra en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðana lands utan Evrópusambandsins, í Sambandinu, þ.m.t. komi til óbeinnar vísunar til slíkrar viðmiðunar í samsetningu viðmiðana.
- i) Grunnforsendan að baki beitingu stjórnandans á undanþágunum sem eru taldar upp í 1. mgr. 25. gr., fyrir mikilvægar viðmiðanir, og í 1. mgr. 26. gr., fyrir viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar, í reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðunina; upplýsingarnar skulu settar fram, að því marki sem það er gerlegt, á grundvelli sniðsins sem var ákvarðað í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykktir skv. 8. mgr. 25. gr. og 5. mgr. 26. gr. í reglugerð (ESB) 2016/1011 ⁽²⁾.
- j) Upplýsingar um ráðstafanir til að leiðrétta ákvörðun eða birtingu viðmiðunar.
- k) Upplýsingar um verklagsregluna sem veitandinn verður að fylgja verði breytingar á viðmiðun eða hætt við hana, í samræmi við 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglur IOSCO um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olúverð, eftir því sem við á.

10. INNTAKSGÖGN OG AÐFERDAFRÆÐI

- a) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, stefnur og verklagsreglur í tengslum við inntaksgögn, m.a. þau sem varða:
- tegund inntaksgagna sem eru notuð, forgangsroðun við notkun og hvers kyns beiting ákvörðunarvalds eða sérfræðiálits,
 - hvers konar ferli til að tryggja að inntaksgögnin séu næg, viðeigandi og sannreynanleg,
 - forsendur sem ákvarða hverjir megi leggja fram inntaksgögn til stjórnandans og ferli við val á aðilum sem leggja fram gögn,
 - mat á inntaksgögnum aðilans sem leggur þau fram og ferlið við að sannreyna inntaksgögn.
- b) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, að því er tekur til aðferðafræðinnar:
- lýsing á aðferðafræðinni, þar sem lögð er áhersla á lykilkætti hennar í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem er tilgreind nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykktir skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ⁽³⁾.
 - Stefnur og verklagsreglur, m.a. þær sem varða:
 - ráðstafanir sem gerðar eru til að sannreyna og endurskoða aðferðafræðina, þ.m.t. prófanir eða afturvirkar prófanir sem eru gerðar,
 - samráðsferli um allar mikilvægar breytingar á aðferðafræðinni.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 11).

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1106 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisýfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 202, 9.8.2018, bls.9).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana skal leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðirnar fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21).